



Félag náms- og starfsráðgjafa  
Kennarahúsinu v/ Laufásveg  
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 20. júní 2009

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35/2009, um náms- og starfsráðgjafa. Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009.**

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri við nefndasvið Alþingis:

FNS gerir ekki athugasemdir við breytingu á lögum nr. 35/2009 um náms- og starfsráðgjafa en leggur áherslu á nauðsyn fagþekkingar „til þess bættra aðila“ á sviði náms- og starfsráðgjafar hvað varðar útgáfu leyfisbréfa FNS ítrekar einnig athugasemdir sem félagið gerði við einstakar greinar frumvarps til laga um náms- og starfsráðgjafa, sjá hér að neðan:

#### **Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins**

##### **1. gr.**

Frá árinu 1991 hefur nám í náms- og starfsráðgjöf staðið til boða við Háskóla Íslands, fyrst sem eins árs diplómanám að lokinni grunnháskólagráðu. Frá árinu 2004 hefur verið boðið uppá meistaragráðu í greininni og til stendur að breyta náminu í tveggja ára heildstætt meistaranám. Gert er ráð fyrir að taka upp nýtt skipulag haustið 2010.

Í ljósi þróunar á menntun náms- og starfsráðgjafa á Íslandi lítur FNS svo á að leyfi skv. 1. mgr. 1. gr. skuli annars vegar veita umsækjanda sem lokið hefur eins árs diplómagráðu í náms- og starfsráðgjöf (skv. eldra námsskipulagi) og hins vegar umsækjanda sem lokið hefur meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf (tveggja ára heildstæðu meistaranámi skv. nýju námsskipulagi).



**2. gr.**

FNS lýsir sig reiðubúið að veita umsagnir um umsóknir um leyfi til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa í samráði við stjórnvöld og samstarfsnefnd um háskólastigið.

**3. gr.**

FNS leggur áherslu á mikilvægi þess að þeir sem hafa viðurkennd réttindi innan EES eða í aðildarríki EFTA hafi sambærilega menntun að baki eins og kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. og leitað sé álits matsnefndar áður en leyfi er veitt.

**4. gr.**

FNS leggur til að þeir sem ekki uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr. verði veitt tímabundið leyfi til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa. Mikilvægt er að þeir sem sinna náms- og starfsráðgjöf hafi tilskylda menntun til að tryggja að mikilvæg sér- og fagþekking skili sér inn í skólakerfið og atvinnulífið, fagþekking sem tryggir ákveðin gæði þjónustu og að hagsmunir ráðþega séu í fyrirrúmi.

f. h. Félags náms- og starfsráðgjafa

Björg Kristjánsdóttir, formaður